

Kennsluáætlun Skjaldbaka á yngsta stigi 1.-2. bekkur

Viðfangsefni: Skjaldbaka í hafi

Skjaldbaka - litahringurinn, línur, mynstur, trélitir
Haf - kaldir litir, loftbólur, pensilnotkun, slétt áferð.

Skjaldbökuværkferni – litahringur og línur:

Lota 1, um 60 mín.

Kynning og umræður um litahringinn og heita og kalda liti, grunnform og náttúruleg form.

Nemendur teikna skjaldböku á A4 blað með leiðbeiningu frá kennara, byrja á hring, teikna svo höfuð, rófu og fætur. Gera svo línur frá vinstri framfót að hægri aftari og öfugt og þvera línu í miðju og þá eru komin 6 hólf fyrir litahringinn. Litað með trélitum, þjálfað að lita fyrst meðfram línu og svo inni í hólf. Byrjað að lita frumlitina 3, gulan, rauðan og bláan og svo litað litina á milli, appelsínugulan, fjólubláan og grænan. Unnið með að vandvirkni í litun með trélitum. Nemendum kynntur skali yfir hvernig við erum að lita og að reyna að alltaf að gera sitt besta og betur en síðast. Skalinn merktur með Fýlu-, strik- eða broskörllum. Klippt út skjaldböku og minnt á að merkja aftan á.

Sýnt mismunandi línumynstur á töflunni og/eða á vinnublaði til að skreyta skjaldböku, hver „sneið“ eða „hólf“ skreytt með línumynstri.

Lota 2, u.þ.b. 40-60 mín.

Rifjað upp heita og kalda liti, notað kalda liti til að mála hafið á A3 blað. Áhersla lögð á góða notkun á pensli og slétta vel úr málningu til að fá góða áferð og farið yfir hvaða penslar henti fyrir þekjumálningu. Þurrkað myndir með hárbلاسára og síðan málað loftbólur með hvíttri málningu. Notað fínan pensil og áhersla lögð á að nota einungis endann á hárunum. Gott að nefna að pensillinn sé eins og ballerína og hún vill alltaf vera á tánum, nota bara hárin en aldrei setja hana á hælinn sem er hjá járninu sem heldur hárunum. Málað mismunandi hringi fyrir loftbólur og kennt að styðja hendinni við borðið til að geta vandað sig sem best.

Lota 3, u.þ.b. 40-60 mín.

Klára það sem eftir var, klippa skjaldböku og líma á hafið og merkja.

Nemendur hvattir til að nýta eigin hugmyndir við gerð línumynstur og teikningu á skjaldböku og mála hafið eftir eigin hugmyndum með kalda liti.

Orðaforði í tengslum við verkefnavinnu: Heitir og kaldir litir, litahringur, slétta áferð, áferð, pensillinn á tánum, pensilhár, grunnform, náttúruleg form, lína og mynstur.

Námsmat

Er fyllt út á mentor að verkefnavinnu lokinni og miðað við hæfniviðmið og námsmarkmið fyrir list- og verkgreinar í lotu.

Hæfniviðmið

- Að nemendur þekki einfalda litafræði og litablöndun
- Þekki hugtakið grunnform og geti notað það í myndgerð
- Þekkir mun á grunnformum og náttúrulegum formum
- Geti lagt mat á eigin verk

Kennsluáætlun Skjaldbaka á yngsta stigi 1.-2. bekkur

Önnur markmið frá kennara:

- Pensilnotkun og þrif á penslum.
- Kynning á línumynstri.
- Leggja inn vandvirkniskala og áhersla á að við séum að æfa okkur og reynum alltaf að gera betur og okkar besta hverju sinni.

Leiðbeiningar á töflu fyrir nemendur:

1. bekkur Litahringur og línur

- 1 Teikna skjaldböku og skipta húsinu hennar í 6 hólf
- 2 Lita 6 litahringinn og skjaldbokuna með trélitum
- 3 Teikna línur* í 6 hólfum með svörtum tússlit

Muna að merkja